

Aðalfundur Ský, 20.02.2024 – haldinn í höfuðstöðvum Ský, Engjateig 9.

Fundarstjóri: Dagbjartur Vilhjálmsson

Ritari: María Dís Gunnarsdóttir

1. Skýrsla stjórnar

- a. Fjöldi félaga hefur aukist á milli ára, sérstök fjölgun í hópi félagsmanna undir 40 ára. Góð nýliðun.
- b. Aukning félagsmanna í öllum faghópum á árinu.
- c. 24 viðburðir haldnir á árinu 2023, vel sóttir
- d. Kynjaskipting fyrirlesara 58 konur á móti 95 körlum árið 2023
- e. Þátttakendur á viðburðum 2023: 1084 konur á móti 1581 körlum
- f. Ráðstefnugestir á UTmessunni: 370 konur og 634 karlar.
- g. Farið yfir veitingar á verðlaunum fyrir UTverðlaunin og önnur verðlaun sem veitt voru á UTmessunni.
- h. Ekkert hlaðvarp kom út á árinu 2023 en vonandi stefnt að útgáfu nýrrar seríu hlaðvarpsins árið 2024
- i. Góð þátttaka í Bebras áskoruninni, aukning milli ára
- j. DiverselT verkefni og Ský er „ambassador“ fyrir það verkefni á Íslandi

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

- a. Orðanefnd:
 - i. Tölvuorðasafnið er nú hluti af íðorðasafni Árnastofnunar (tos.sky.os – flýtiðleið)
 - ii. Orðanefndin mjög virk á árinu
- b. Ritnefnd
 - i. Þrír aðilar sitja í ritnefnd og komu að útgáfu blaðsins Tölvumál 2023 sem fjallaði um „Gervigreind“.
 - ii. Undirbúningur nýrrar útgáfu blaðsins er að hefjast í haust
- c. Siðanefnd
 - i. Hefur ekki verið starfandi síðastliðið ár
- d. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu
 - i. Hélt 1 viðburð á starfsárinu sem var vel sóttur
- e. Öryggishópur
 - i. Hélt 2 viðburði á starfsárinu
- f. Fjarskiptahópur
 - i. Hélt 2 viðburði á starfsárinu
- g. Faghópur um hugbúnaðargerð
 - i. Hélt 2 viðburði á starfsárinu
- h. Faghópur um vefstjórnun
 - i. Hélt 3 viðburði á starfsárinu
- i. Faghópur um rekstur tölvukerfa
 - i. Hélt 2 viðburði á starfsárinu
- j. Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörf í UT
 - i. Hélt 1 viðburð á starfsárinu
- k. Faghópur um hagnýtingu gagna
 - i. Hélt 2 viðburði á starfsárinu

- l. Faghópur um rafræna opinbera þjónustu
 - i. Hélt 1 viðburð á starfsárinu
 - m. Faghópur um stafræna vörustýringu
 - i. Stofnaður 12. Maí 2023
 - ii. Hélt 3 viðburði á starfsárinu
 - n. Söguhópur
 - i. Heldur úti vefnum tolvur.sky.is – hægt að skrá tilvist og notkun á gömlum búnaði.
 - ii. Gamall búnaður kominn í geymslu hjá Högum, búið að grisja
 - iii. Útvarpsviðtal um búnaðinn í Samfélagið á Rás 2 í febrúar 2024
3. Tilnefning heiðursfélaga
- a. Allmörg ár síðan síðast var tilnefnt heiðursfélag, en hefðin hefur verið að veita það til einstaklinga sem hafa lagt mikið af mörkum bæði til félagsins og tölvutækni á Íslandi.
 - b. Tveir heiðursfélagar tilnefndir í ár:
 - i. Hjálmtýr Guðmundsson – Farið var yfir starfsferil hans og ágríp í geiranum.
 - ii. Ásrún Matthíasdóttir - Farið var yfir starfsferil hennar og ágríp í geiranum.
4. Reikningar félagsins
- a. Kristjana Björk Barðdal, gjaldkeri félagsins fór yfir helstu tölur úr ársreikningi félagsins
 - b. Reikningar félagsins samþykktir, engin atkvæði greidd á móti, einn sat hjá í atkvæðagreiðslu.
5. Breytingar á félagssamþykktum
- a. Engar breytingar
6. Ákvörðun félagsgjalda
- a. Tillaga um hækkun félagsgjalda fyrir árið 2024: 5,5% sem er minna en vísitöluhækkun.
 - i. Fyrsti félagi 37.900 kr. - Aðrir félagar frá fyrirtæki eftir það 9.400 kr.
 - ii. Einstaklingsaðild 9.400
 - iii. Aðilar utan vinnumarkaðar: Frítt (óbreytt)
 - iv. Breyting á verðskrá félagsins samþykkt á aðalfundi, öll atkvæði greidd með tillögunni.
7. Stjórnarkjör
- a. Eftirfarandi eiga eitt ár eftir í stjórn:
 - i. Snæbjörn Ingi Ingólfsson, Itera
 - ii. María Dís Gunnarsdóttir, OK
 - iii. Hrefna Lind Ásgeirsdóttir, Ríkisútvarpið
 - iv. Benedikt Þorgilsson, Íslandspóstur
 - b. Þrjú sæti laus í stjórn, þrjú aðilar sem gefa kost á sér:
 - i. Dagbjartur Vilhjálmsson, Nox Medical
 - ii. Kristjana Björk Barðdal, Reykjavíkurborg
 - iii. Guðmundur Jósefsson, Inaris

- c. Einn gaf kost á sér til stjórnarformanns:
 - i. Dagbjartur Vilhjálmsson, Nox Medical
 - d. Ofangreindir eru því kjörnir sem stjórn og stjórnarformaður félagsins.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- a. Skoðunarmenn reikninga kosnir áfram óbreyttir
9. Faghópa og nefndakjör
- a. Öll framboð til stjórnna faghópa voru samþykkt
 - b. Fundargestum var boðið að bjóða sig fram í stjórnir faghópa og hvatt til framboðs í þá faghópa þar sem fáir sitja í stjórn.
 - c. Vantar í stjórnir eftirfarandi faghópa:
 - i. Faghópur um hugbúnaðargerð
 - ii. Faghópur um rekstur tölvukerfa
 - iii. Faghópur um rafræna opinbera þjónustu (hér er æskilegt að ríki, sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eigi fulltrúa í stjórninni í sem jöfnustum hlutföllum)
 - iv. Faghópur um menntun, fræðslu- og fræðistörf hjá UT
10. Önnur mál
- a. Heiðursfélagi kvaddur:
 - i. Þorsteinn Sæmundsson lést þann 26.nóvember sl., 88 ára að aldri. Þorsteinn var kjörinn heiðursfélagi Skýrslutæknifélagsins árið 2005. Þorsteinn var í Orðanefnd félagsins til ársins 2013.
 - b. Fráfarandi úr aðalstjórn Ský þakkað:
 - i. Einn stjórnarmeðlimur lýkur störfum fyrir félagið, Jón Ingi Sveinbjörnsson
 - c. Breytingar á viðburðum Ský, en frá næstu mánaðarmótum verða hádegisviðburðir ekki lengur á Grand Hótel þar sem verið er að rífa salinn þar. Nýjar staðsetningar verða prófaðar fyrir viðburðina í framhaldi.
 - d. Stofnun tveggja nýrra faghópa í bígerð:
 - i. Faghópur um verkefnastofnskrá
 - ii. Faghópur um gervigreind
 - e. Áskorun til orðanefndar: finna nýtt orð yfir gervigreind

Fundi slitið formlega.